

Alþingi Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 8. desember 2022

Efni: Drög að frumvarpi um sanngirnismætun. Mál nr. 240/2022

Undirrituð er fyrrum vistmaður á Varpholti/ Laugalandi, en fyrr á þessu ári kom út skýrsla sem unnin var af Gæða-og eftirlitsstofnun velferðarmála, varðandi áskanir mínar og annarra fyrrum vistmanna um það ofbeldi sem við máttum sæta á árunum 1997-2007.

Undirrituð hefur verið í forsvari fyrir að baráttu okkar um að fá viðurkenningu á því ofbeldi sem við vistmenn urðum fyrir og að rannsókn yrði gerð á vistheimilinu Varpholti/Laugalandi á árunum 1997-2007.

Undirrituð kom m.a. fyrir velferðarnefnd 16. nóv. 2022 ásamt tveimur öðrum vistmönnum þar sem við ræddum um mikilvægi þess að við sem höfum þurft að sæta nauðung, ofbeldi og illri meðferð, sem börn í vistun á vegum hins opinbera, fengjum fulla viðurkenningu á öllu því ofbeldi sem við vorum beitt. Mörg okkar vorum vistuð til lengri tíma, allt að tvö ár. Einnig færðum við rök fyrir mikilvægi þess að önnur samskonar heimili yrðu einnig skoðuð, þar sem gögn eru til sem sýna fram á að okkar mál er ekki einsdæmi (til að mynda dómsmál vegna nauðgunar á vistheimili fyrir norðan).

Það eru því mikil vonbrigði að lesa áætlað frumvarp frá forsætisráðuneytinu sem snýst um að:

- Hámark sanngirnismætun verði lækkaðar um 318% ef miðað er við árið 2010 þegar hámarksbætur voru sex milljónir en á núvirði er það tæp níu og hálf milljón.
- Ekki sé vilji til þess að gera upp fortíðina og rannsaka að nokkru ráði, hvort ofbeldi hafi átt sér stað á öðrum heimilum.
- Það sé á ábyrgð brotþola að sanna að hann hafi verið beittur ofbeldi með því að leggja fram gögn eins og læknskýrslur o.s.frv.

Hvernig eigum við að læra af fortíðinni ef hið opinbera axlar ekki ábyrgð á því að gera henni fullnægjandi skil í rannsóknum á því ofbeldi og vanrækslu sem við urðum fyrir? Gera þarf því skil í hverju tilfalli fyrir sig hvað varð til þess að ofbeldi og ill meðferð á börnum sem voru vistuð á ábyrgð hins opinbera gat átt sér stað.

Er ekki fólgin í því hagræðing að koma í veg fyrir að slíkir atburðir eigi sér stað í framtíðinni, ekki bara fjárhagslegt hagræði heldur einnig tilfinningalegur og sálrænn ávinningur?

Þeir einstaklingar sem lenda í ofbeldi sem börn bera þess iðulega ekki bætur allt sitt líf, sérstaklega ekki ef ofbeldið stendur yfir lengri tíma. Rannsóknir sýna að æviskeið þeirra er styttra, minni líkur eru á að þeir afli sér menntunar, þeir eru almennt verr staddir félagslega og eru líklegir til þess leita í afbrot eða vera vistaðir á stofnunum á fullorðinsárum.

Við sem hópur erum jaðarsett og þurfum sérstaka og nærgætna nálgun, þröskuldur að þjónustu þarf að vera lægri (minni kröfur). Í drögunum er viðurkennt að einstaklingar sem tilheyra þessum hópi séu í viðkvæmri stöðu til þess að afla gagna sjálfir, en frumvarpið sýnir því ekki djúpstæðan skilning.

Íslenska ríkið þarf að sýna í verki að það virðir mannréttindi og líf borgaranna - með því að víkja sér ekki undan þeirri ábyrgð þegar börn eru beitt ofbeldi eða þurfa að sæta illri meðferð.

Íslensk yfirvöld ráðgera með þessu frumvarpi að lækka ekki bara bætur til þeirra sem um sárt eiga að binda vegna dvalar á vistheimilum, og öðrum úrræðum á vegum hins opinbera, heldur á einnig að spara kostnað við að skrásetja vanræksluna og ofbeldið. Því virðist sparnaður hins opinbera vera meginmarkmið frumvarpsins en ekki að auka á sanngirni gagnvart þolendum kerfisins. Þolendur og fjölskyldur þeirra verðskulda uppgjör, bæði fjárhagslegt og ekki síst og sálrænt.

Hvergi er minnst á að veita brotapolum viðeigandi sálræna aðstoð með því að greiða fyrir, oft á tíðum, kostnaðarsama fagaðstoð - en það hefur verið krafa okkar fyrrum vistmanna í Varpholti/Laugalandi og á Hjalteyri. Afleiðing þess að hafa orðið fyrir ofbeldi sem börn er að mörg okkar eru lágt launuð og búum ekki við þau forréttindi að geta leitað okkur þeirrar aðstoðar sem við þurfum, sem afleiðing af ofeldinu..

Frumvarp þetta ber með sér að ekki hefur verið haft samráð við þá sem málið varðar. Ekkert um okkur, án okkar (*nothing about us, without us*) ætti að vera leiðarstefið. Enn og aftur stöndum við sem urðum fyrir valdbeitingu og ofbeldi af hendi ríkisvaldsins vanmáttug gagnvart ákvarðanatöku er varðar lífsgæði okkar og réttindi.

Virðingarfyllst,

Gígja Skúladóttir